

Aðalfundur Bárunnar, stéttarfélags
haldinn mánudaginn 16. maí 2022 kl.18.00 á Hótel Selfossi

Fundur hófst kl. 18:00.

Formaður félagsins, Halldóra S. Sveinsdóttir, bauð fundargesti velkomna.

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara

Formaður gerði tillögu um Soffíu Sigurðardóttur sem fundarstjóra sem var samþykkt samhljóða og tók hún við stjórn fundarins og bauð gesti velkomna. Soffía fór yfir dagskrá fundarins og kynnti fundargerð síðasta fundar sem er að finna á heimasíðu félagsins. Fundarstjóri gerði tillögu um Fjólu Pétursdóttur, lögfræðing sem fundarritara sem var samþykkt samhljóða. Því næst var gengið til dagskrár.

2. Skýrsla stjórnar fyrir starfsárið 2023

Formaður Bárunnar, stéttarfélags kynnti skýrslu stjórnar fyrir starfsárið 2023-2024. Lykilupplýsingum og tölum úr kynningunni var varpað upp á skjá. **Skýrsla stjórnar fylgir fundargerð þessari sem viðauki.** Halldóra þakkaði að því loknu áheyrnina og hvatti fundarmenn til að eiga góðan aðalfund. Því næst gaf fundarstjóri orðið laust. En engar umræður urðu um skýrsluna og var hún samþykkt samhljóða.

3. Ársreikningur Bárunnar fyrir árið 2023.

Valgerður Kristjánsdóttir endurskoðandi hjá PWC á Suðurlandi og endurskoðandi félagsins, kynnti helstu tölur úr ársreikningi 2023 ásamt áritun endurskoðun, skoðunarmanna og stjórnar Bárunnar, stéttarfélags. Ársreikningi var varpað upp á skjá til skýringar fyrir fundarmenn. Ársreikningurinn var samþykktur 8. maí sl. sem og áritun skoðunarmanna og stjórnar. Ársreikninginn er að finna á heimasíðu félagsins á slóðinni: <https://baran.is/um-okkur/arsreikningar/> Greiðandi félagsmenn í árslok 2023 voru 3.505 og gjaldfrjálsir félagsmenn 121. Heildarfjöldi er því 3.626 í árslok.

Rekstrartekur eru 409,3 milljónir en voru tæplega 330 milljónir árið 2022. Iðgjöld eru 402,4 en mismunurinn eru leigutekjur orlofssjóðs. Hækkuðu um 15% á milli ára og ástæðan er fjölgun í félaginu og hækkun iðgjalda vegna hækkunar launa. Restrarkostnaður er 59% en var 58% í fyrra. Afkoman eru 122,5 milljónir en var 69,7 árið 2022. Ávöxtun sjóða félagsins voru 37 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi eru eignir félagsins 1059 milljónir en voru um 868,3 milljónir árið 2022. Verðbréfaeign er að hækka en verðbréfaeign er upp á 414,3 milljónir. Bókfært eigið fé Bárunnar, hrein eign er 978,3 milljónir samanborið við tæplega 855,7 milljónir á árinu 2022. Handbært fé er um 292 milljónir á árinu.

Félagssjóður: Rekstrargjöld hafa sama og ekkert hækkað á milli ára.

Tekjur félagssjóðs hafa hækkað um 24% og eru tekjur 127,1 milljónir á árinu en 111,3 milljón árið 2022. Fastafjármunir 671 þúsund krónur á árinu. Eign sjóðsins er samtals 581,6 milljónir á árinu samanborið við 495,5 á árinu 2022. Laun hækka á milli ára úr 58,6 milljónum árið 2022 í 79,8 milljónir.

Sjúkrasjóður: Mikil hækkun var á greiðslu sjúkradagpeninga á milli ára, úr 77,7 milljónum árið 2022 í 111,9 milljón árið 2023. Afkoma er neikvæð upp á ríflega 826 þúsund eða upp á 3,3 milljónir fyrir fjármagnsliði en var árið áður 15,7 milljónir árið 2022. Eignir sjúkrasjóðs eru samtals 180,9 milljónir og hafa aukist um 9 milljónir frá því í fyrra þegar þær voru 171,9 milljónir.

Orlofssjóður: Tekjur Orlofssjóðs eru um 61 milljónir en voru 49,5 í fyrra. Afkoma sjóðsins er 35,1 milljón fyrir fjármagnsliði. Hrein eign 338,5 milljónir áður 249, 9 milljónir árið 2022. Sumarhús og íbúðir orlofssjóðs bókfærð eign 227 milljónir.

Vinnudeilusjóður: Staða sjóðsins eru rúmar 12,7 milljónir.

Engar athugasemdir komu fram við ársreikninginn. Fundarstjóri bar því næst ársreikning upp til samþykktar og var hann samþykktur einróma.

4. Kosning stjórnar og í aðrar nefndir. Tillaga uppstillinganefndar fyrir aðalfund 2023

Kosinn er formaður, tveir meðstjórnendur, öll varastjórn og stjórn sjúkrasjóðs, úthlutunarnefnd vinnudeilusjóðs. Ferill kosninga til embætta er sá að Uppstillinganefnd félagsins hittist í mars og stillir upp framboðum á lista. Því næst er listinn auglýstur og auglýst eftir öðrum framboðum með tilskildum frestum skv. lögum félagsins. Framboðsfrestur rann út um síðustu mánaðarmót apríl/maí en engin mótframboð komu fram.

Stjórn og nefndir Bárunnar stéttarfélags fyrir aðalfund 2024

Formaður (annað hvert ár): Halldóra Sigríður Sveinsdóttir

Meðstjórnendur (annað hvert ár): Jón Þröstur Jóhannesson og Ragnhildur Eiríksdóttir

Varastjórn (kosið á hverju ári): 1. Hildur Guðjónsdóttir 2. Sylwia Konieczna 3. Hugborg Guðmundsdóttir

Stjórn sjúkrasjóðs (annað hvert ár, kosið 2022) Halldóra Sigríður Sveinsdóttir, Ragnhildur Eiríksdóttir, Hugborg Guðmundsdóttir, Ingvar Garðarsson, Marta Katarzyna Kuc

Til vara: 1. Guðmundur Kjartansson 2. Áslaug Halla Elvarsdóttir 3. Örn Bragi Tryggvason

Úthlutunarnefnd vinnudeilusjóðs: (fyrir hvern aðalfund): Halldóra S. Sveinsdóttir, Sigrún Sigurðardóttir, Sylwia Katarzyna Konieczna.

Til vara: 1. Jóhanna Guðmundsdóttir, 2. Alexander Örn Ingason.

Kjörstjórn Bárunnar stéttarfélags (fyrir hvern aðalfund): Jóhannes Sigurðsson, Egill Valdimarsson

Til vara: 1. Matthildur Sverrisdóttir 2. Halldóra Sigríður Sveinsdóttir

Uppstillingarnefnd, Bárunnar stéttarfélags (fyrir hvern aðalfund): Kristín Sigfúsdóttir, Sigrún Sigurðardóttir, Jóhanna Guðmundsdóttir

Til vara: 1. Heiðar Már Guðnason.

Skoðunarmenn reikninga: Soffía Sigurðardóttir, Mateuz Michal Kuc.

Til vara: 1. Heiðar Már Guðnason.

5. Kynntar breytingar á reglugerð og úthlutunarreglum Sjúkrasjóðs Bárunnar, séttarfélags

Fundarstjóri gaf Halldóru orðið sem kynnti Fjólu Pétursdóttir, lögfræðing sem myndi halda kynningu á fyrirhugðum breytingum. Fjóla kynnti breytingar stjórnar sjúkrasjóðs á reglugerð sjúkrasjóðs sem samþykktar voru á fundi stjórnar sjúkrasjóðs fyrr í mánuðinum en þær eru (breytingar skáletraðar): Einnig breytingar á úthlutunarreglum sjúkrasjóðs.

10.2 Sá sem öðlast hefur rétt til styrkja úr sjúkrasjóði eins aðildarfélags ASÍ, öðlast rétt til styrkja hjá Bárunni, stéttarfélagi skv. þeim reglum sem hjá félaginu gilda eftir einn mánuð, enda hafi hann fram að því átt rétt hjá fyrra félaginu. Þegar sótt er um styrki í nýju aðildarfélagi skal umsækjandi leggja fram yfirlit um veitta styrki sem hann hefur þegið úr fyrra sjúkrasjóði sl. 36 mánuði.

12.11 Stjórn félagsins er heimilt að víkja frá því í sérstökum tilvikum en heimilt er stjórn að gera kröfu um endurgreiðslu ef bætur samkvæmt skaðabótalögum fást greiddar.

17.1 Stjórn sjóðsins er skylt að upplýsa sjóðsfélaga um rétt þeirra til aðstoðar sjóðsins á aðgengilegan hátt m.a. með útgáfu bæklinga, dreifirita og/eða á heimasíðu félagsins.

17.2 – 17.5 Uppfærslur og orðalagsbreytingar úr bótaþega í félagsmenn og bætur í styrk.

Að lokum bar fundarstjóri upp fyrir fundinn hvort fundarmenn samþykktu að breytingarnar yrðu bornar upp í einu lagi og var það samþykkt. Voru breytingarnar samþykktar samhljóða.

6. Öruggara Suðurland – Arndís Soffía Sigurðardóttir

Arndís Soffía lögfræðingur og staðgengill sýslumannsins á Selfossi sagði frá verkefninu Öruggara Suðurland. „Öruggara Suðurland“ er nýtt verkefni, sem lögreglan á Suðurlandi stendur fyrir í samstarfi við sveitarfélögin fjórtán á svæðinu og nokkrar stofnanir, en tilgangurinn er að móta aðgerðir gegn ofbeldi og öðrum afbrotum á Suðurlandi. Verkefnið snúast um afbrotavarnir og varnir gegn ofbeldi s.s. heimilíofbeldi, mansali o.fl. Markmiðið er að verkefnið skili bættum ferlum, aukinni skilvirkni og betri þjónustu við þolendur og gerendur ofbeldis. Tilgangurinn er að kerfin í landinu tali saman og að allir aðilar vinni sem ein heild í kerfinu.

7. Önnur mál.

Fundarstjóri gaf orðið laust. Enginn bað um orðið og önnur mál ekki á dagskrá.

Því næst var happdrætti þar sem vinningar sem í boði voru voru helgargistingar í orlofsíbúðum félagsins að eigin vali.

Formaður þakkaði fyrir fundinn og óskaði gestum góðrar heimferðar.

Fundi slitið kl. 20:03